

Dagskrá Iðunnar vorið 2016

Það sem eftir er vori 2016 verða kvæðalagaæfingar og félagsfundir á þessa leið:

Kvæðalagaæfingar	Félagsfundir
6. apríl	8. apríl
4. maí	6. maí

Fundir og kvæðalagaæfingar eru haldin í Gerðubergi, sjá einnig á www.rimur.is og á www.facebook.com/rimur.is

Heiðmerkurgleði Iðunnar verður haldin miðvikudaginn 15. júní og haustferð Iðunnar verður laugardaginn 3. september. Farið verður á Strandir.

Aðrir viðburðir sem félagar Iðunnar koma að:

Vaka – Þjóðlagahátíð á Akureyri.

Á Vöku 2016 verður hægt að njóta fyrsta flokks þjóðlagatónlistar, þjóðdansa og handverks frá Íslandi, Noregi, Danmörku og Bretlandseyjum. Frá 15.-18. júní býður Vaka upp á fjögurra daga fjör með tónlist og dansi inn í hjarta sumarnóttina á Akureyri. Tónleikar, námskeið fyrir alla aldurshópa og frjálsgar söng- og dansskemmtanir tryggja að á dagskrá Vöku verður eitthvað fyrir alla. Iðunnarmenn taka þátt í kveðskap á rímnatónleikum.

Forsala aðgöngumiða er á heimasíðu Vöku www.thjodlist.is/vakais

Þjóðlagahátíðin á Siglufirði

Þjóðlagahátíðin á Siglufirði verður haldin 6.-10. júlí í 17. sinn. Námskeið og fjölbreyttir tónleikar með íslenskum og erlendum flytjendum. Listrænn stjórnandi Gunnsteinn Ólafsson. www.folkmusik.is



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

124. tölublað – 37. árgangur
Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Mars 2016
Ábm: Bára Grímsdóttir

Landsmót Stemmu 2016

Landsmót landsamtaka kvæðamanna verður haldið á Egilsstöðum 22.- 24. apríl.

Lagt verður af stað 21. apríl frá BSÍ kl. 12.00 á hádegi og gist í Hofsósi, þ.e. þeir sem fara með 16 manna rútunni sem Iðunn leigir. Ef fleiri vilja far á vegum Iðunnar verður leigður annar bíll eða samið við bíleiganda um að taka þá sem eru umfram sextán og Iðunn greiðir. Þeir myndu þá fara til Siglufjarðar og gista þar á Eyrargötu 16, gegn frjálssu framlagi eða beint til Akureyrar þar sem félagar í Gefjun eru tilbúnir til að skjóta skjólshúsi yfir þá. Lagt verður af stað frá Hofsósi um hádegi.

Gist verður á Gistihúsinu Egilsstöðum (Egilsstaðabærinn). Öll dagskráin fer fram þar.

Sameiginlegur kvöldverður er ekki skipulagður föstudagskvöldið, en hægt er að panta kvöldmat af matseðli á Gistihúsinu.

Dagskráin:

Föstudagur: Kvæðatónleikar kl. 20.30 Flytjendur frá ýmsum kvæðamannafélögum.

Frh.

Laugardagur: Námskeið og sameiginlegar máltíðir.

Bragfræði rímna: 9:00-12:00 og 13:00-14:00. Kennari: Ragnar Ingi Aðalsteinsson. Farið í grunnatriði / verklegt

Hádegismatur kl. 12:00-13:00 Sjávarréttarsúpa með rækjum og lúðu og kókos. Nýbakað brauð og aioli.

Tvísöngvar: 13:00-14:00 – Kennari: Guðrún Ingimundardóttir

Rímnalögin: 14:00-17:00 – Kennari: Bára Grímsdóttir. Kvæðalög kennd. Stílar og skreytingar.

Hátíðarkvöldverður og kvöldvaka: kl.19.00–23.30

Aðalréttur: Lamba innralæri og hægeldaður frampartur með rófumauki, sveppagratíni, nýpum, gulrótum og rósmaríngljáa.

Eftirréttur: Mozaik súkkulaðikaka, með hvítu súkkulaðikremi og ferskjusorbet.

Sunnudagur: Aðalfundur Stemmu – Landsamtaka kvæðamanna kl. 9:30-11:30.

Hádegismatur kl. 11:30-12:30 og kveðjustund. Íslensk kjötsúpa og nýbakað brauð.

Heimferð kl. 12.30

Verð fyrir þátttöku á mann:

1.000 kr. gisting á Hofsósi

14.500 kr. tvær nætur í tveggja manna herbergi á mann með morgunmat í Gistihúsinu Egilsstaðir

21.800 kr. tvær nætur í eins manns herbergi

3.980,- kr. báðir hádegisverðir

Hátíðarkvöldverður, verð: 5.990 kr.

Fólk sem hefur fæðuofnæmi er beðið um að láta vita af því við skráningu.

Iðunn greiðir niður ferðakostnað þátttakenda. Þeir mega einnig reikna með að þáttökugjald verði greitt niður um kr. 3-5.000. Námskeiðsgjald er ekkert.

Rósa Þorsteinsdóttir tekur við skráningum á netfangið: rosat@hi.is og í síma 8470870

Lokadagsetning skráningar er 7. apríl.

Þeir sem skrá sig eftir 7. apríl geta ekki búist við að fá far á vegum Iðunnar eða niðurgreiðslu þáttökugjalda.